

## **Samþykkt Akureyrarkaupstaðar um verklagsreglur vegna nýtingar gangstétta- og göturýmis í göngugötu og Ráðhústorgi**

### **1. gr. Tilgangur og almennar forsendur**

Samþykkt þessi nær til viðbótarrýma (stundarrými) utan lóða fyrir rekstraraðila í göngugötu og á Ráðhústorgi Akureyrar. Með samþykkt um tímabundna lokun göngugötunnar skapast meira svigrúm fyrir nýtingu miðbæjarrýmis þann tíma dags sem einungis gangandi og hjólandi umferð er heimiluð.

### **2. gr. Hverjir geta sótt um?**

Allir rekstraraðilar á jarðhæð í göngugötu og Ráðhústorgi geta sótt um til skipulagsstjóra að nýta gangstétta- og göturými til viðbótar sínum rekstri. Rýmið má m.a. nýta til að setja upp borð og stóla fyrir viðskiptavinum, setja út vörur eða annað sem rekstraraðilar óska eftir.

### **3. gr. Hvað er heimilt**

Einungis er hægt að nýta rýmið sem viðbótarsvæði við rekstur en ekki má koma annarskonar notkun sem ekki tengist á beinan hátt rekstri.

### **4. gr. Hvernig skal nýtingu háttáð**

Rekstraraðilar mega nota svæðið framan við rekstrareiningu sína. Í umsókn skal tilgreina stærð svæðis sem óskað er eftir að nýta og skila inn uppdretti sem sýnir umbeðið svæði. Þegar bílaumferð er á göngugötunni má nota svæðið í allt að 2 m frá umferðargötu. 2 m breitt svæði skal alltaf vera autt fyrir gangandi umferð. Þegar lokað er fyrir umferð vélknúinna ökutækja má nota allt svæðið að umferðargötu, en þá skal göturýmið vera autt fyrir gangandi umferð. Skipulagsstjóri getur þó veitt leyfi fyrir annarri afmörkun. Ekki má hindra aðkomu að tröppum eða bekkjum bæjarins. Við lokun seinni part dags skal fjarlægja alla muni af rýminu. Samþykkt þessi nær ekki til skilta og auglýsinga. Við uppsetningu skilta skal notast við Samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarkaupstaðar.

### **5. gr. Hvenær má nota gangstéttar- og göturými?**

Viðbótarrýmið má nota á opnunartíma viðkomandi rekstrareiningar en þó aldrei milli kl. 23:00 á kvöldin og fram til kl. 8:00 á morgnana.

### **6. gr. Hvernig skal sækja um**

Sótt skal um nýtingu viðbótarrýmis til skipulagsdeildar á tölvupóstfangið: skipulagsdeild@akureyri.is eða með bréfi til skipulagsdeildar, Geislagötu 9, 600 Akureyri þar sem tilgreint er hvernig skal nota rýmið ásamt uppdretti sem sýnir umbeðið svæði.

Leyfi er veitt til 3 mánaða að hámarki í hvert sinn. Skipulagsstjóri sker úr um deilumál um afmörkun rýmis.

Samþykkt í skipulagsnefnd Akureyrar þann 1. júní 2016.